


# Ársskýrsla 2008

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins  
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga



## Efnisyfirlit

---

### Ársskýrsla LSR og LH 2008

Ávarp stjórnarformanns LSR	2
Stjórn LSR	3
Ávarp stjórnarformanns LH	4
Stjórn LH	5
Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum	7
Ávöxtun	9
Fjárfestingar	15
Verðbréfaeign	16
Fjárfestingarstefna	18
Sjóðfélagalán	20
Séreign LSR	22
Iðgjöld	24
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur	27
Skuldbindingar LSR og LH	35
Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar	41
Starfsemi LSR og LH	44

### Samstæðuyfirlit LSR og LH 2008

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	48
Efnahagsreikningur	50
Sjóðstreymi	52

### Ársreikningur LSR 2008

Skýrsla stjórnar	56
Áritun endurskoðenda	59
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	60
Efnahagsreikningur	62
Sjóðstreymi	64
Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag Séreignar	66
Skýringar	67
Kennitölur LSR	84
Kennitölur A-deildar	85
Kennitölur B-deildar	86
Kennitölur Séreignar Leið I	87
Kennitölur Séreignar Leið II	88
Kennitölur Séreignar Leið III	89

### Ársreikningur LH 2008

Skýrsla stjórnar	92
Áritun endurskoðenda	95
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	96
Efnahagsreikningur	97
Sjóðstreymi	98
Skýringar	99
Kennitölur	110

### Consolidated statement for LSR & LH 2008

Statement of changes in net assets available for benefits	114
Balance sheet	115
Statement of cash flow	116
Financial indicators – LSR	117
Financial indicators – LH	118
Appendix – LSR & LH	119

### Hrein raunávöxtun

	2008	2007	5 ára meðaltal	
			2008	2007
A-deild LSR	-24,0%	-1,3%	0,7%	8,6%
B-deild LSR	-26,1%	-0,6%	0,3%	8,8%
Séreign LSR (Leið 1)	-27,7%	-1,6%	-1,2%	8,0%
Séreign LSR (Leið 2)	-17,9%	0,2%	-0,5%	5,3%
Séreign LSR (Leið 3)	8,0%	6,4%	5,7%	5,5%
<b>LSR samstæða</b>	<b>-25,3%</b>	<b>-0,8%</b>	<b>0,5%</b>	<b>8,7%</b>
Lsj. hjúkrunarfræðinga	-26,7%	-1,5%	-0,1%	8,8%


### Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í millj. kr.	2008	2007	Breyting	
			2007-08	2006
A-deild LSR	107.425	107.248	0,2%	91.185
B-deild LSR	172.873	203.013	-14,8%	185.401
Séreign LSR	6.558	6.580	-0,3%	5.674
Lsj. hjúkrunarfræðinga	19.626	23.132	-15,2%	22.148
<b>Samtals</b>	<b>306.482</b>	<b>339.974</b>	<b>-9,9%</b>	<b>304.408</b>
				<b>11,7%</b>


### Hrein raunávöxtun LSR og LH




### Verðbréfaeign LSR og LH 2008




### Fjárfestingartekjur – LSR og LH




### Hrein eign til greiðslu lífeyris




### Lögbundin iðgjöld




### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




### Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH




### Lífeyrisgreiðslur




### Meðalfjöldi lífeyrisþega




### Innborganir ríkissjóðs Uppsafnaðar innborganir og ávöxtun




### B-deild LSR – hrein eign til greiðslu lífeyris




### Núvirtar eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



### LH – hrein eign til greiðslu lífeyris




### Núvirtar eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



# Ársskýrsla 2008

---

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins  
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga



# Ávarp stjórnarformanns LSR

Í árslok 2008 voru samanlagðar eignir allra deilda LSR 287 milljarðar króna og höfðu þær lækkað um 30 milljarða frá árinu á undan. Eignir B-deildar voru 173 milljarðar króna og þá er ekki tekið tillit til krafna á launagreiðendur um endurgreiðslu á hluta af lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Eignir A-deildar voru 107 milljarðar króna og eignir í sér-eign LSR voru tæplega 7 milljarðar króna.

Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum höfðu mikil áhrif á afkomu sjóðsins á árinu 2008. Fall Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í byrjun október hafði í för með sér afskriftir hlutabréfa og mikla niðurfærslu á skuldabréfaeign. Íslenska krónan féll um 80% á árinu og verðbólga mældist 16,4%. Hvort tveggja hafði slæm áhrif á stöðu margra fyrirtækja sem aftur hafði áhrif á afskriftir skuldabréfa sem sjóðurinn hafði keypt. Þá voru erlendir hlutabréfamarkaðir einnig óhagstæðir en heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 40,7% á árinu.

Við fall bankanna þriggja tapaði LSR þeim hlutabréfum sem sjóðurinn átti í þeim. Þessu til viðbótar er ekki gert ráð fyrir að neitt fái upp í víkjandi skuldabréf á bankana. Hlutabréf annarra fyrirtækja lækkuðu einnig mikið og verðmæti nokkurra fór nánast niður í ekki neitt. Bankahrúnið hafði afdrifarík áhrif á mörg fyrirtæki sem höfðu gefið út skuldabréf. Mikil óvissa er um afdrif margra fyrirtækja og um endurheimtur á afborgunum og vöxtum af þessum skuldabréfum. Í uppgjöri sjóðsins er leitast við að meta þær kröfur sem kunna að tapast vegna þeirra bréfa sem LSR hefur fjárfest í. Þörf fyrir niðurfærslu var áætluð miðað við bestu fánlegu upplýsingar og hafa færslur á afskriftareikning verið hækkaðar um 11,9 milljarða króna eða 3,8% af eignum LSR og er það til viðbótar afskriftarfærslum vegna víkjandi lána á bankana þrjá. Þá er óvissa um uppgjör gjaldeyrissvarnasamninga sem sjóðurinn gerði vegna erlendra eigna en leitast er við að ná samningum við skilanefndir bankanna um lúkningu þeirra mála.

Nafnávöxtun LSR var -13% á árinu 2008 sem svarar til -25,3% hreinnar raunávöxtunar. Ár sem þetta hefur veruleg áhrif þegar meðalávöxtun síðustu ára er reiknuð út. Undanfarin 5 ár er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 0,5%, en 2,1% sé horft til síðustu 10 ára. Frá árinu 1991 er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 3,7% en í tryggingafræðilegum forsendum um uppgjör lífeyrissjóða er gert ráð fyrir að ávöxtun til langs tíma sé 3,5%.

Í árslok 2008 voru 58,9% af eignum sjóðsins í innlendum skuldabréfum, 1,4% í erlendum skuldabréfum, 1,0% í innlendum hlutabréfum, 34,6% í erlendum hlutabréfum og 4,2% í sjóði. Þetta er veruleg breyting frá árinu á undan. Fall bankanna og lækun á öðrum innlendum hlutabréfum hefur leitt til þess að sá eignaflokkur er nú einungis rúmlega eitt prósent af heildareignum.

A-deild LSR tók til starfa í ársbyrjun 1997. Á þessum tíma hefur hún vaxið upp í að vera sterkur lífeyrissjóður með yfir 100 milljarða króna eignir til greiðslu lífeyris. Allir nýir sjóðfélagar greiða í A-deildina og nú er svo komið að u.þ.b. 80% virkra sjóðfélaga greiða til þeirrar deildar sjóðsins.

Í reglum um A-deild LSR segir að deildin skuli á hverjum tíma eiga eignir til að mæta skuldbindingum. Nánar tiltekið segir að stjórn sjóðsins skuli árlega ákveða iðgjald launagreiðenda þannig að það dugi til greiðslu á skuldbindingum í samræmi við niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar. Ákvörðun stjórnar skuli við það miðuð að hrein eign, að viðbættu núvirði framtíðariðgjalda vegna sjóðfélaga á hverjum tíma, sé jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna áunninna réttinda og réttinda sem byggjast á framtíðariðgjöldum sjóðfélaganna.

Þetta ákvæði hefur verið túlkað þannig að heildarstaða sjóðsins skuli vera innan þess ramma sem gildir um almenna lífeyrissjóði, það er að heildarstaða skuli að jafnaði vera innan 5% marka og aldrei verri en 10%. Efra markið var síðan með lagabreytingu hækkað í 15% fyrir árið 2008. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deildar LSR er heildarstaða deildarinnar ne kvæð um 13,1%. Staða deildarinnar er því innan þess ramma sem reglur kveða á um, en nauðsynlegt er að huga að framtíðarþróun hennar.

Eignir B-deildar eru ekki hvað síst tilkomnar vegna viðbótargreiðslna ríkissjóðs inn á skuldbindingar, en á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja viðbótargreiðslur til B-deildar LSR til að mæta framtíðarskuldbindingum. Frá þeim tíma hefur ríkissjóður greitt 75 milljarða króna til sjóðsins umfram lagaskyldu. Fjárhæð þessi, uppfærð í samræmi við ávöxtun lífeyrissjóðsins, er nú orðin 112 milljarðar króna. Með innborgunum ríkissjóðs hefur þannig verið safnað upp verulegri fjárhæð vegna ábyrgðar ríkisins á skuldbindingum B-deildar sem ella hefði lent á ríkissjóði að greiða í framtíðinni.

Í fjárlögum fyrir árið 2009 er í fyrsta skipti í 10 ár ekki gert ráð fyrir greiðslum inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild LSR. Það er skiljanlegt í ljósi stöðu ríkissjóðs. Nauðsynlegt er hins vegar að taka þetta til endurskoðunar eins fljótt og unnt er. Ella mun B-deildin tæmast innan ekki svo margra ára og skuldbindingar lenda þá af fullum þunga á ríkissjóði, hvernig svo sem árar í ríkisfjármálum á þeim tíma.

Á árinu 2008 fengu 13.759 einstaklingar lífeyrisgreiðslur frá LSR, samtals 18 milljarða króna. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða eða tæplega 1.500 milljónir króna að jafnaði á mánuði. Mestur hluti þessara greiðslna var úr B-deild sjóðsins, eða alls 17 milljarðar króna á árinu.

Frá árinu 2004 hafði orðið veruleg aukning í lánum til sjóðfélaga en eftir hrun bankanna hafa útlánin dregist saman hröðum skrefum. Á árinu 2008 lánaði sjóðurinn sjóðfélögum alls 8 milljarða króna og var meðalfjárhæðin 6 milljónir. Vanskil á sjóðfélagalánum hafa yfirleitt verið í lágmarki og þrátt fyrir erfitt efnahagsástand er ekki hægt að segja að mikil breyting hafi orðið þar á þó svo vissulega sé aukningin mælanleg. Lífeyrissjóðurinn hefur gripið til margvíslegra ráðstafana til að koma til móts við sjóðfélaga sem lent hafa í erfiðleikum með afborganir lána eða sjá fram á greiðsluvandræði. Boðið hefur verið upp á skilmálabreytingar af ýmsu tagi, samninga um uppgjör vanskila, frystingu lána o.fl.

Eðlilegt er að LSR og aðrir lífeyrissjóðir yfirfari ýmsa þætti í starfseminni eftir fall íslensku bankanna og atburði á fjármálamörkuðum á undanförunum mánuðum. Fjárfestingarstefna einstakra deilda LSR hefur verið endurskoðuð og þeirri vinnu verður fram haldið. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur versnað og huga þarf vel að framtíðarsjóðstreymi. Hagur ýmissa sjóðfélaga hefur versnað og það kann að hafa áhrif á getu þeirra til að standa í skilum með sjóðfélagalán. Það er því að mörgu að hyggja fyrir stjórnendur lífeyrissjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég sjóðfélögum, launagreiðendum og starfsmönnum sjóðsins fyrir samstarfið á árinu.

Eiríkur Jónsson

## Stjórn LSR

Stjórn LSR skipa átta menn. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB skipar tvo stjórnarmenn, stjórn BHM skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Síðastliðið ár var nokkuð annasamt, m.a. vegna efnahagsástandsins en alls kom stjórnin 27 sinnum saman til formlegra fundahalda. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn

sjóðsins. Á árinu 2008 var Marianna Jónasdóttir formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2009 tók Eiríkur Jónsson við formennskunni.

Í upphafi árs 2009 varð nokkur endurnýjun í stjórn sjóðsins. Inn í stjórnina komu Árni Stefán Jónsson og Ásta Lára Leósdóttir í stað Ögmundar Jónassonar og Sigrúnar V. Ásgeirsdóttur.

Stjórn LSR (frá vinstri): Ásta Lára Leósdóttir, Ingvi Már Pálsson (varamaður), Gunnar Björnsson, Marianna Jónasdóttir, Eiríkur Jónsson, Trausti Hermannsson, Árni Stefán Jónsson og Páll Halldórsson. Á myndina vantar Birnu Lárusdóttur.



# Ávarp stjórnarformanns LH

Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum höfðu mikil áhrif á afkomu Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) á árinu 2008. Fall viðskiptabankanna þriggja í byrjun október hafði í för með sér afskriftir hlutabréfa og mikla niðurfærslu á skuldabréfaeign. Þá voru erlendir hlutabréfamarkaðir einnig óhagstæðir en heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um rúmlega 40% á árinu. Þessi þróun leiddi til þess að eignir LH lækkuðu um 15% frá árinu 2007 og námu 20 milljörðum króna í árslok 2008.

Eftir nokkur ár, þar sem ávöxtun lífeyrissjóðsins var mjög góð, tók að halla undan fæti um mitt ár 2007. Erfiðleikarnir héldu áfram og margfölduðust á árinu 2008 sem verður að teljast hið erfiðasta í sögu sjóðsins. Nafnávöxtun á árinu var -14,6%, sem svarar til að hrein raunávöxtun hafi verið neikvæð um 26,7%.

Góð áhættudreifing hefur verið lykilatriði í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við fjárfestingar hefur þess verið gætt að dreifa áhættu á ólíka eignaflokka og mismunandi markaðssvæði. Á undanförunum árum hefur það skilað góðum árangri. Fjármálakreppan hefur hins vegar haft áhrif á alla eignaflokka í öllum heimshlutum.

Á árinu 2008 fengu 723 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslur frá LH, samtals rúmlega 1 milljarð króna. Virkum sjóðfélögum fer fækkandi en að meðaltali greiddu 628 sjóðfélagar iðgjald til LH í hverjum mánuði á árinu og fækkaði þeim um 8,8% milli ára. Í þessu sambandi má geta þess að samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða skulu að jafnaði minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjald til lífeyrissjóðs í hverjum mánuði. Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkisins eru þó undanþegnir þessu ákvæði og það á við um LH.

Alls voru tæplega 3.100 sjóðfélagar með skráð réttindi hjá sjóðnum um áramót og er það samanlagður fjöldi iðgjaldgreiðenda, lífeyrisþega og þeirra sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum, þ.e. eru hættir að greiða iðgjald til sjóðsins en ekki komnir á lífeyri.

Í árslok 2008 voru áfallnar skuldbindingar sjóðsins metnar 57 milljarðar króna. Eignir sjóðsins, að viðbættu endurmati verðbréfa, eru hins vegar 20,2 milljarðar króna. Eignir LH eru að talsverðu leyti tilkomnar vegna viðbótargreiðslna ríkissjóðs inn á skuldbindingar en á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja viðbótargreiðslur til LH og B-deildar LSR til að mæta framtíðarskuldbindingum. Frá þeim tíma hefur ríkissjóður greitt tæplega 7,4 milljarða króna til sjóðsins umfram lagaskyldu. Fjárhæð þessi, uppfærð í samræmi við ávöxtun lífeyrissjóðsins, er nú orðin 11,1 milljarður króna. Með innborgunum ríkissjóðs hefur þannig verið safnað upp verulegri fjárhæð vegna ábyrgðar ríkisins á skuldbindingum LH sem ella hefði lent á ríkissjóði að greiða í framtíðinni.

Í fjárlögum fyrir árið 2009 er ekki gert ráð fyrir greiðslum inn á skuldbindingar ríkissjóðs við LH og B-deild LSR. Í ljósi stöðu ríkissjóðs og efnahagsástandsins almennt er það vel skiljanlegt. Hins vegar er nauðsynlegt að huga að því hvernig slíkum greiðslum verði háttáð á næstu árum. Ef ekki, þá munu sjóðirnir tæmast og skuldbindingar vegna sjóðfélaga lenda af fullum þunga á ríkissjóði.

LH er lokaður sjóður í þeim skilningi að ekki bætast við neindir nýir sjóðfélagar. Meirihluti hjúkrunarfræðinga greiðir nú í A-deild LSR. Réttindakerfi hjá LH er að mestu leyti eins og B-deild LSR. Með þessum tveimur sjóðum er mikið samstarf; skrifstofa og starfsmannahald er sameiginlegt og út á við koma sjóðirnir oft fram sem einn sjóður. Þetta fyrirkomulag hefur verið heppilegt og LH notið þeirrar stærðarhagkvæmni sem LSR nýtur og hefur getað boðið sjóðfélögum sínum upp á sambærilega þjónustu og stærstu lífeyrissjóðirnir.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum góð samskipti á árinu.

Marianna Jónasdóttir

## Stjórn LH

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er skipuð fjórum mönnum. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Alls kom stjórnin 16 sinnum saman til fundar á liðnu ári. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2008 var Ásta Möller formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2009 tók Marianna Jónasdóttir við formennskunni.

Í upphafi árs 2009 komu inn í stjórnina Jón Aðalbjörn Jónsson og Oddur Gunnarsson í stað Ástu Möller og Jóhannesar Pálmasonar.

Stjórn LH (frá vinstri): Oddur Gunnarsson, Marianna Jónasdóttir, Elsa B. Friðfinnsdóttir og Jón Aðalbjörn Jónsson.





Í árslok 2008 voru  
samanlagðar eignir  
LSR og LH 306,5  
milljarðar króna.

Til samanburðar voru  
þær 304,4 milljarðar  
kr. í árslok 2006.

# Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum

Samanlagðar eignir LSR og LH voru 306,5 milljarðar kr. í árslok 2008 og lækkuðu þær um 33,5 milljarða milli ára eða sem nemur 9,9%. Eignarýrnun í kjölfar fjármálakreppunnar færir eignauppbyggingu sjóðanna að meðaltali aftur um tæplega 2 ár en eignir í árslok 2008 voru 0,7% hærrí en þær voru í lok árs 2006. Eignauppbygging A-deildar LSR færir þó ekki aftur um nema eitt ár þar sem sá sjóður er yngri og lífeyrisgreiðslur úr honum litlar samanborið við iðgjöldin. Af samanlögðum eignum LSR og LH í árslok 2008 námu eignir B-deildar 172,9 milljörðum kr. eða 57,6% af eignum sjóðanna, eignir A-deildar LSR námu 107,4 milljörðum í árslok og eignir LH 19,6 milljörðum.


Frá árslokum 1998 til loka árs 2008 hefur samanlögð hrein eign LSR og LH til greiðslu lífeyris aukist úr 44,5 milljörðum kr. í 306,5 milljarða. Þrátt fyrir verulega eignarýrnun á síðasta ári hafa eignir sjóðanna engu að síður tæplega áttfaldast á undanförunum 10 árum. Það jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið 21,3%. Ef síðasta ár er hins vegar undanskilið var árleg meðalaukning eigna 25,4%.

Fjárfestingatekjur sjóðanna voru neikvæðar um 45,2 milljarða kr. á síðasta ári. Á árinu 2007 voru þær hins vegar jákvæðar um 16,3 milljarða kr. og um 47,6 árið 2006 sem var metár. Það er því skammt stórra högga á milli hvað varðar ávöxtun eigna og miklar sveiflur milli ára.

Ávöxtun sjóðanna hefur verið mjög breytileg undanförunum 10 ár og endurspeglar hún vel þær sveiflur sem hafa verið á verðbréfamörkuðum. Segja má að

verðbréfamarkaðir hafi verið í lægð í fimm af undanförunum tíu árum, en hvað síðasta ár varðar er þó eðlilegra að tala um hrun frekar en lægð. Þegar ávöxtun er jafn slæm og síðasta ár ber vitni um hefur það mikil áhrif á langtíma meðaltöl ávöxtunar. Sem dæmi um það lækkar meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin úr 8,7% í 0,5%. Að sama skapi lækkar meðalávöxtun LSR umfram verðbólgu síðustu 10 árin úr 5,7% í 2,1% og úr 5,6% í 1,7% hjá LH. Sé horft enn lengra aftur í tímann, eða til ársins 1991, er meðaltal hreinnar ávöxtunar LSR og LH hins vegar 3,7%. Samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum um uppgjör sjóðanna er gert ráð fyrir að ávöxtun til langs tíma sé 3,5%.

5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR og LH




## Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í millj. kr.	2008	2007	Breyting milli ára
A-deild LSR	107.425	107.248	0,2%
B-deild LSR	172.873	203.013	-14,8%
Séreign LSR	6.558	6.580	-0,3%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	19.626	23.132	-15,2%
<b>Samtals</b>	<b>306.482</b>	<b>339.974</b>	<b>-9,9%</b>


## Fjárfestingartekjur

Í millj. kr.	2008	2007	2006
A-deild LSR	-13.063	4.606	13.682
B-deild LSR	-28.074	10.328	29.643
Séreign LSR	-660	317	758
Lsj. hjúkrunarfræðinga	-3.358	1.019	3.558
<b>Samtals</b>	<b>-45.156</b>	<b>16.270</b>	<b>47.642</b>


Hrein raunávöxtun LSR og LH



## Fjárfestingartekjur – LSR og LH



## Hrein eign til greiðslu lífeyris – LSR og LH



Skv. tryggingafræðilegum forsendum um uppgjör lífeyrissjóða er gert ráð fyrir að ávöxtun til langs tíma sé 3,5%. Frá árinu 1991 hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR og LH verið 3,7%.

# Ávöxtun

Nafnávöxtun LSR á árinu 2008 var -13% sem samsvavar -25,2% raunávöxtun samanborið við -0,8% raunávöxtun á árinu 2007. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var -25,3% á árinu samanborið við -0,8% á árinu 2007. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er 0,5% og meðaltal síðustu 10 árin er 2,1%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2008 var -14,6% sem samsvavar -26,6% raunávöxtun samanborið við -1,4% á árinu 2007. Hrein raunávöxtun LH var -26,7% á árinu 2008 samanborið við -1,5% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 árin er -0,1% og meðaltal síðustu 10 árin er 1,7%.

Í meðfylgjandi töflum má sjá ávöxtun og eignasamsetningu A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR á árinu 2008, ásamt sundurliðun ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa. Skuldabréfaeign LSR og LH er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 2008. Tekið hefur verið tillit til afskrifta fyrirtækja- og lána- stofnanskuldabréfa í ávöxtun allra deilda. Skuldabréfaeign Séreignar LSR er í skuldabréfasjóðum og er gerð upp á markaðsvirði sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar, þá hækkar virði bréfa og öfugt. Eign í þeim skuldabréfasjóðum, sem höfðu fjárfest í lánastofnana- og fyrirtækjaskuldabréfum, hefur verið lækkuð sem nemur áætlunum afskriftum þessara sjóða. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

## Ávöxtun og eignasamsetning 2008

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	LSR	LH
Nafnávöxtun	-11,5%	-14,0%	-15,8%	-4,4%	25,8%	-13,0%	-14,6%
Hrein raunávöxtun	-24,0%	-26,1%	-27,7%	-17,9%	8,1%	-25,3%	-26,7%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	0,7%	0,4%	-1,2%	-0,5%	5,7%	0,5%	-0,1%

### Eignasamsetning í árslok 2008

Innlán	6,6%	2,0%	23,4%	29,5%	100,0%	4,5%	1,3%
Innlend skuldabréf	58,1%	60,0%	37,0%	50,9%		58,7%	56,2%
Innlend hlutabréf	1,0%	0,9%	1,5%	0,7%		1,0%	0,9%
Erlend hlutabréf	27,4%	31,1%	33,0%	15,1%		29,7%	34,2%
Erlend skuldabréf	1,5%	1,4%	1,4%	2,1%		1,4%	1,8%
Aðrar fjárfestingar	5,4%	4,7%	3,7%	1,7%		4,9%	5,5%

## Skipting ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa

Nafnávöxtun	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	LH	Samtals
Innlend skuldabréf*	10,5%	8,4%	1,1%	4,2%	9,4%	9,0%
Erlend skuldabréf	34,4%	26,9%	18,6%	23,7%	23,3%	29,1%
Innlend hlutabréf	-100,1%	-96,0%	-91,3%	-91,0%	-95,7%	-97,3%
Erlend hlutabréf	-9,7%	-12,3%	-7,2%	-5,7%	-13,2%	-11,4%
Aðrar fjárfestingar	73,2%	77,2%	46,7%	70,4%	76,6%	75,7%

### Raunávöxtun

Innlend skuldabréf*	-5,0%	-6,8%	-13,1%	-10,5%	-6,0%	-6,3%
Erlend skuldabréf	15,5%	9,1%	1,9%	6,3%	5,9%	11,0%
Innlend hlutabréf	-100,1%	-96,6%	-92,5%	-92,3%	-96,3%	-97,7%
Erlend hlutabréf	-22,4%	-24,6%	-20,2%	-18,9%	-25,4%	-23,9%
Aðrar fjárfestingar	48,8%	52,3%	26,1%	46,4%	51,8%	51,0%

\* ávöxtun m.t.t. niðurfærslu bréfa

### Innlend skuldabréf

Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti sína í mars úr 13,75% í 15% og svo aftur í apríl í 15,5%. Það umrót sem varð á fjármálamarkaði í september og október gerði það síðan að verkum að Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti niður í 12% um miðjan október. Sú lækkun stóð ekki lengi því í lok október voru stýrivextir hækkaðir upp í 18% í takt við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Verðbólgan mældist 18,1% á árinu 2008 samanborið við 5,9% árið áður. Framan af ári var krafa verðtryggðra íbúðabréfa tiltölulega há en fór lækkandi þegar líða tók á árið og tók svo snögga dýfu í byrjun fjórða ársfjórðungs í kjölfar umrótis og óvissu við fall viðskiptabankanna. Jafnvægi komst á skuldabréfamarkaðinn á nýjan leik eftir að ríkisstjórnin hafði gefið út yfirlýsingu þann 10. október sl. um að allar innistæður í bönkum væru tryggðar. Mikil óvissa er þó um afdrif margra fyrirtækja og um endurheimtur á afborgunum og vöxtum af þessum skuldabréfum. Í ársreikningi er leitast við að meta þær kröfur sem kunna að tapast og þær niðurfærslur færðar á afskriftareikning.

Meðfylgjandi línurit sýna annars vegar þróun ávöxtunarkröfu langra og hins vegar þróun stuttra verðtryggðra íbúðabréfa á árinu 2008 og þar sést vel lækkandi ávöxtunarkrafa ársins.

Á árinu 2008 var nafnávöxtun innlendra skuldabréfaeignar sjóðanna 21,6% og raunávöxtun 4,5%. Sé tekið tillit til niðurfærslna í skuldabréfasafni sjóðanna var nafnávöxtunin 9,0% og raunávöxtun -6,3%. Nettófjárfestingar sjóðanna í innlendum skuldabréfum námu 17 milljörðum kr.

### Afskriftir skuldabréfa

LSR og LH áttu víkjandi bréf á Glitni, Landsbankann, Kaupþing, SPRON og Straum að fjárhæð 10,6 milljarðar kr. og í ársreikningi sjóðanna hefur verið gert ráð fyrir að ekkert fái upp í þau. Þar sem mikil óvissa er um afdrif margra fyrirtækja og um endurheimtur á afborgunum og vöxtum af skuldabréfum útgefnum af þeim, hefur verið leitast við

að leggja mat á þær kröfur sem kunna að tapast. Þörf fyrir niðurfærslu hefur verið áætluð og hafa verið lagðir til hliðar 12,7 ma.kr. til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Kemur sú fjárhæð til viðbótar afskriftafærslum vegna víkjandi lána á fyrrgreindar lánastofnanir.

### Erlend skuldabréf

Í íslenskum krónum talið gáfu erlend skuldabréf góða ávöxtun og þá aðallega vegna mikillar veikingar krónunnar á árinu. Nafnávöxtun erlendra skuldabréfaeignar sjóðanna á árinu 2008 var 29,1% og raunávöxtun 11,0%. Seld voru erlend skuldabréf fyrir 3,5 milljarða kr. á árinu.

### Innlend hlutabréf

Ávöxtun innlends hlutabréfasafns sjóðanna endurspegladist af því hruni sem varð á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2008 og nam nafnávöxtun -97,3%. Til samamburðar lækkaði Úrvalsvisitatala Kauphallar, OMXI15, um 94,4%. Fyrstu níu mánuðir ársins 2008 einkenndust af miklum flóttá fjárfesta úr áhættumeiri fjárfestingakostum yfir í áhættuminni fjárfestingakosti. Mikil fjármagn streymdi úr hlutabréfum og hávaxtamýntum yfir í áhættuminni fjárfestingakosti, s.s. skuldabréf, lágvaxtamýntir og hrávöru. Fjórði ársfjórðungur ársins 2008 á sér vart hliðstæðu hvort sem er á Íslandi eða á heimsvísu þar sem hlutabréfamarkaðir um allan heim nánast hrundu. Ríkisstjórnir fjölmargra ríkja stigu fram og gripu inn í atburðarásina ýmist með neyðarlánum, neyðarlögum eða neyðarábyrgðum. Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu og fóru í greiðslustöðvun og virði annarra íslenskra skráðra félaga lækkaði gríðarlega. OMXI15 lækkaði um 89,6% á fjórða ársfjórðungi. Á fyrsta ársfjórðungi 2009 voru Straumur og SPRON yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu og hefur verið tekið tillit til þeirra aðgerða við útreikning ávöxtunar ársins 2008. Á árinu námu nettókaup á innlendum hlutabréfum sjóðanna samtals 2,5 milljörðum kr.

Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun Úrvalsvisitölunnar á árinu 2008.

Ávöxtunarkrafa meðallangra og langra íbúðabréfa á tímabilinu



Þróun Úrvalsvisitölunnar árið 2008



**Erlend hlutabréf**

Erlent hlutabréfasafn sjóðanna hækkaði að nafnvirði um 15,3% án tillits til gjaldeyrisvarna á árinu 2008. Nafnlækkun safnsins að meðtöldum gjaldeyrisvörnum var 11,4%.

Gríðarlegar sveiflur voru á erlendum hlutabréfamörkuðum á síðasta ári og slógu helstu vísitölur met í lækkunum innan fjórðunga sem og innan mánaðar. Í dollurum talið lækkaði MSCI, heimsvísitala hlutabréfa sem mælir breytingu á hlutabréfaverði í heiminum, um 40,7%. Gengisvog íslensku krónunnar hækkaði um 80% á árinu en hækkaði mun meira gagnvart Bandaríkjadollar eða um 95%. Umreiknað í íslenskar krónur hækkaði heimsvísitalan því um 15,6% þar sem veiking íslensku krónunnar hefur jákvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna sjóðanna og öfugt. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þróun MSCI, heimsvísitölu hlutabréfa, í dollurum ásamt yfirliti yfir þróun íslensku krónunnar á árinu 2008.

Á árinu 2008 var nettósala í erlendum hlutabréfum 752,3 milljónir kr. Vægi erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna hækkaði talsvert frá árinu áður. Í árslok var hlutfallið 30% af eignum miðað við 27% í árslok 2007.

LSR og LH eru í samstarfi við erlenda fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum. Við val á fjárvörsluaðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. Í töflunni á næstu opnu má líta sundurliðun erlendra verðbréfasjóða LSR og LH eftir fjárvörsluaðilum. Erlendir markaðir hafa verið mjög erfiðir undanfarið og í raun hvergi skjól fyrir gríðarlegum sölubunga. Stærstu höggin komu vafalaust í septembermánuði þegar fasteignaveðlánafyrirtækin Fannie Mae og Freddie Mac þurftu aðstoð

frá bandaríska ríkinu. Viku síðar eða 15. september sótti Lehman Brothers-bankinn í Bandaríkjunum um gjaldþrotaskipti. Fall þessa 158 ára gamla banka jók enn á þau áhrif sem lausafjárkrísan var farin að valda í heiminum. Fjöldmargir töpuðu eign sinni í bankanum og skuldabréfum sem bankinn hafði gefið út auk þess sem fjármögnun bankans á verkefnum, strúktúrum og fjárfestingum hans úti á almennum markaði olli gríðarlegum sviptingum í fjármálakerfi heimsins. Bandaríska tryggingarfélagið AIG, eitt það stærsta í heimi, þurfti einnig aðstoð frá bandaríska ríkinu og fékk um \$85 milljarða rétt um viku eftir að Lehman Brothers fór í gjaldþrot. Vandamál fjármálakerfa heimsins hafa orðið að alheimssamdrætti og fréttir af aðstoð ríkisvaldsins í þróuðum ríkjum jafnt sem þróunarríkjum berast með reglulegum hætti.

Hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum lækkuðu töluvert en vegna styrkingu dollars gagnvart krónu þá var ávöxtun þeirra betri mæld í krónum. Þannig lækkaði S&P 500 um 38,5%, NASDAQ lækkaði um 40,5% og Dow Jones lækkaði um 33,8%. Þróun í Evrópu var mjög misjöfn. Á meðan FTSE 100 í Englandi lækkaði um 31,3% lækkuðu vísitölur í Frakklandi um 42,9% og í Þýskalandi um 40,4%. Asíulöndin Kína og Japan lækkuðu töluvert en Japan þó minna. Nikkei í Japan lækkaði um 42,1% og Hang Seng í Hong Kong um 48,3%. Þessar tölur miðast við þróun í erlendum myntum. Landsvæðaskiptingu erlendra eigna LSR og LH má sjá nánar í skýringum.

**Þróun MSCI árið 2008 í USD**



**Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu 2008**



Á árinu 2008 lækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 40,7% og gengisvog íslensku krónunnar hækkaði um 80% á árinu.

### Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar eru langtímafjárfestingar sem skráðar eru á kostnaðarverði og verðmæti þeirra er uppfært samkvæmt upplýsingum frá fjárvörsluaðilum. Á árinu 2008 voru nettófjárfestingar í öðrum fjárfestingum tæpir 4,3 milljarðar kr., og skiptust þannig að fjárfest var fyrir 3,7 milljarða kr. í framtakssjóðum og 0,5 milljarða kr. í fasteignasjóðum. Í árslok var vægi eignaflokksins 4,9% eða tæpir 15,9 milljarðar kr.

### Afleiðusamningar

Frá árinu 2001 hafa sjóðirnir gert samninga sem hafa það að markmiði að draga úr sveiflum í ávöxtun af erlendum verðbréfum og verja sjóðina fyrir falli á erlendri verðbréfaeign þegar gengi íslensku krónunnar breytist. Auk þess hafa sjóðirnir notið góðs af þeim mikla vaxtamun sem hefur ríkt milli Íslands og annarra landa. Skuldbindingar sjóðanna eru í íslenskum krónum en erlend verðbréf eru í öðrum gjaldmiðlum. Á árinu 2008 veiktist gengi krónunnar verulega og sjóðirnir juku varnarstöðu sína smám saman eftir því sem leið á árið. Krónan hélt áfram að veikjast og í ofanálág lækkuðu erlendir hlutabréfamarkaðir mikið á síðasta ársfjórðungi ársins. Það hafði aftur þau áhrif að varnarhlutfallið hækkaði verulega. Lífeyrissjóðirnir voru með afleiðusamninga við Glitni, Kaupþing og Landsbanka. Í aðdraganda að falli bankanna og við fall þeirra brustu forsendur fyrir þessum samningum. Sjóðirnir hafa boðist til að gera samningana upp með tilteknum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum þeirra á hendur bönkunum, þrátt fyrir að óvissa sé um lagalega skyldu til þess. Auk óvissu um greiðsluskyldu sjóðanna er óljóst við hvaða tíma og gengi á að miða. Miðað við tilboð lífeyrissjóðanna er staða vegna þessara samninga 17,8 milljarðar kr. en frá þeirri fjárhæð á eftir að draga verðmæti þeirra skuldabréfa sem koma til skuldajöfnunar. Til viðbótar er þessi fjárhæð vaxtareiknuð frá falli bankanna til áramóta. Samanlögð fjárhæð er í varúðarskyni færð til skuldar í ársreikningi og sundurliðast þannig að 5,7 milljarðar kr. færast á A-deild, 11,0 milljarðar kr. á B-deild, 1,4 milljarðar kr. á LH og 138,1 milljón kr. á Séreign. Skilaneindir bankanna hafa gert kröfu um að samningarnir verði gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga. Miðað við það og að samningar sem ekki voru fallnir í gjalddaga um áramót verði gerðir upp á gengi í árslok, væri skuldin 36 milljarðar kr. en eins og áður á eftir að taka tillit til skuldajöfnunar.

### Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum (LSR og LH) 2008

Ségreind söfn	Í millj. kr.	Hlutföll
Morgan Stanley	15.277	13,6%
MFS Institutional Advisors	11.729	10,5%
EFG Global Equity	1.128	1,0%
	<b>28.133</b>	<b>25,1%</b>

### Erlend hlutdeildarskírteini

State Steet Global Advisors	12.346	11,0%
Vanguard Global Stock Index	9.931	8,9%
ACM Global Growth Trends	9.913	8,8%
J.P. Morgan Global Dynamic Fund	8.265	7,4%
ACM Global Value	7.619	6,8%
Schroder Global Sigma	7.213	6,4%
Templeton Growth Fund	3.862	3,4%
Schroder Global Quant Value	3.734	3,3%
T.Rowe.Price US Small Cap Fund	1.375	1,2%
Seilern Stryx fund	935	0,8%
Aðrir sjóðir	2.888	2,6%
	<b>68.082</b>	<b>60,7%</b>

### Framtakssjóðir

Schroder Private Equity III	1.921	1,7%
Morgan Stanley Private Equity III	1.609	1,4%
Schroder Private Equity II	1.456	1,3%
Black Rock Private Opportunity Fund II	1.363	1,2%
DLJ Merchant Banking Partner IV	1.252	1,1%
Morgan Stanley Private Equity II	987	0,9%
Alþjóða Framtakssjóðurinn II	897	0,8%
Partners Group Private Equity	813	0,7%
LGT Crown European Private Equity Fund	526	0,5%
SVG Diamond Private Equity III	517	0,5%
Aðrir sjóðir	3.243	2,9%
	<b>14.584</b>	<b>13,0%</b>

### Fasteignasjóðir

Templeton Real Estate Fund	767	0,7%
Alþjóða Fasteignasjóðurinn	490	0,4%
	<b>1.257</b>	<b>1,1%</b>

### Vogunarsjóðir

Artemis Holding ISK Class	16	0,0%
---------------------------	----	------

### Erlend skuldabréf

Landsbanki Diversified Yield	8	0,0%
------------------------------	---	------

<b>Samtals</b>	<b>112.080</b>	<b>100,0%</b>
----------------	----------------	---------------



Verðbréfakaup LSR og LH umfram seld verðbréf námu 21 milljarði kr. á árinu 2008. Þar af námu kaup á skuldabréfum 13,5 milljörðum kr. Fjárfestingar A-deildar LSR námu 15,7 milljörðum kr. eða 75% af verðbréfa-kaupum sjóðanna.

# Fjárfestingar

Á liðnu ári ráðstöfuðu LSR og LH, að teknu tilliti til seldra verðbréfa, samanlagt rúmum 21,0 milljarði kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Alls voru keypt skuldabréf fyrir 13,5 milljarða kr. og hlutabréf keypt fyrir 1,8 milljarða kr. Aðrar fjárfestingar námu nettó 4,3 milljörðum kr. Útlán til sjóðfélaga námu 7,9 milljörðum kr. og uppgreiðslur 2,2 milljörðum kr. Þannig að nettóútlán námu 5,7 milljörðum kr. árið 2008. Aukning innlána á árinu 2008 nam rúmum 1,5 milljörðum kr. Sundurliðun fjárfestinga A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR á árinu 2008 má sjá í meðfylgjandi töflu.

örðum kr. og uppgreiðslur 2,2 milljörðum kr. Þannig að nettóútlán námu 5,7 milljörðum kr. árið 2008. Aukning innlána á árinu 2008 nam rúmum 1,5 milljörðum kr. Sundurliðun fjárfestinga A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR á árinu 2008 má sjá í meðfylgjandi töflu.


## Nettófjárfestingar LSR og LH 2008

(í millj. kr.)

	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	2.877	3.881	0	6.757	114	6.871
Skuldabréf lánastofnana	422	1.270	-75	1.616	-262	1.355
Skuldabréf sveitarfélaga	1.578	1.157	0	2.735	92	2.827
Skuldabréf fyrirtækja	214	27	25	266	1	267
Veðskuldabréf	483	620	18	1.121	80	1.201
Sjóðfélagalán	3.377	2.208	0	5.584	97	5.681
Innlendir skuldabréfasjóðir	0	0	-1.219	-1.219	0	-1.219
Erlend skuldabréf	-1.331	-1.833	-100	-3.263	-246	-3.510
<b>Skuldabréf</b>	<b>7.619</b>	<b>7.328</b>	<b>-1.352</b>	<b>13.596</b>	<b>-124</b>	<b>13.472</b>
Innlend hlutabréf	1.510	872	72	2.455	67	2.529
Erlend hlutabréf	-138	-437	-6	-580	-172	-752
<b>Hlutabréf</b>	<b>1.373</b>	<b>436</b>	<b>66</b>	<b>1.875</b>	<b>-106</b>	<b>1.777</b>
Framtakssjóðir	1.747	1.775	48	3.570	170	3.740
Fasteignasjóðir	189	291	8	488	39	527
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>1.936</b>	<b>2.066</b>	<b>56</b>	<b>4.058</b>	<b>209</b>	<b>4.267</b>
Innlán	4.790	-5.473	1.990	1.306	225	1.531
<b>Fjárfestingar alls</b>	<b>15.718</b>	<b>4.356</b>	<b>761</b>	<b>20.835</b>	<b>204</b>	<b>21.039</b>



Verðbréfaeign LSR og LH 2008



Í lok árs 2008 námu skuldabréf á ríki og sveitarfélög, ásamt sjóðfélagalánum, 44% af verðbréfaeign sjóðanna.

## Fjárfestingarstefna

Í fjárfestingarstefnu LSR og LH eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðanna. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun þegar til lengri tíma er litið en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Stjórnir LSR og LH endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við þá endurskoðun er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóðanna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi þeirra. Í fjárfestingarstefnunni eru sett markmið um eignasamsetningu sjóðanna.

Í lok árs 2008 voru gerðar nokkrar breytingar á fjárfestingarstefnum LSR og LH. Helsta breytingin er sú að fjárfestingarstefna A-deildar hefur verið aðgreind frá stefnum B-deildar og LH og er ástæðan sú að greiðsluflæði þessara deilda hefur þróast með ólíkum hætti. Einungis A-deild LSR tekur við nýjum sjóðfélögum á meðan B-deild og LH eru lokaðar. Það veldur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar og LH fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun gera svo um ókomna tíð.

Aðrar breytingar á fjárfestingarstefnum sjóðanna eru þær að innlán eru nú skilgreind sem eignaflokkur í

fjárfestingarstefnu og nema 3% af eignum. Hlutfall þess eignaflokks sem kallaður hefur verið „aðrar fjárfestingar“ hefur lækkað úr 10% í 7% í A-deild og í 5% í B-deild og LH. Þá hefur eignaflokkurinn vögunarsjóðir verið tekinn úr stefnu B-deildar og LH. Hlutfall innlendra hlutabréfa var lækkað úr 10% í 5% og hlutfall skuldabréfa var hækkað úr 50% í 55% í A-deild og í 57% í B-deild og LH. Þá hefur vikmörkum nokkurra eignaflokka verið breytt lítillega.

Á árinu 2008 voru jafnframt gerðar breytingar á fjárfestingarstefnu Séreignar LSR. Eftir sem áður er henni skipt í þrjár fjárfestingarleiðir. Leið I fjárfestir nú 40% í skuldabréfum í stað 50% áður og 5% í eignaflokknum „aðrar fjárfestingar“ í stað 10% áður. Fjárfestingar í hlutabréfum eru áfram 40%. Þá hefur innlánum verið bætt í fjárfestingarstefnu og nema þau 15% af fjárfestingum leiðar I. Leið II fjárfestir nú 20% í hlutabréfum í stað 17% áður, 50% í skuldabréfum í stað 75% áður og 5% í eignaflokknum „aðrar fjárfestingar“ í stað 8% áður. Þá hefur innlánunum verið bætt í fjárfestingarstefnu og nema þau 25% af fjárfestingum leiðar II. Leið III er áfram bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Jafnframt geta sjóðfélagar valið svokallaða Sér-leið þar sem sjóðfélagar hafa val um Leið I og II framan af en svo flyst inneign sjálfkrafa yfir í Leið III við 55 ára aldur. Þá hefur vikmörkum einstakra eignaflokka verið breytt lítillega. Nánar er gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu Séreignar í kaflanum um Séreign LSR á bls. 22-23 í ársskýrslu.

### Fjárfestingarstefna A-deildar

	Stefna	Vikmörk	
		0%	10%
<b>Innlán</b>	<b>3%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>55%</b>	<b>40%</b>	<b>70%</b>
Ríkistryggð bréf	23%	15%	30%
Skuldabréf lánastofnana	5%	0%	15%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	0%	15%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	15%
Veðskuldabréf	12%	5%	30%
Erlend skuldabréf	5%	0%	5%
<b>Hlutabréf</b>	<b>35%</b>	<b>30%</b>	<b>60%</b>
Innlend hlutabréf	5%	0%	15%
Erlend hlutabréf	30%	25%	45%
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>7%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>
Framtakssjóðir	3%	0%	7%
Fasteignasjóðir	2%	0%	5%
Vögunarsjóðir	2%	0%	5%

### Fjárfestingarstefna B-deildar og LH

	Stefna	Vikmörk	
		0%	10%
<b>Innlán</b>	<b>3%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>57%</b>	<b>40%</b>	<b>70%</b>
Ríkistryggð bréf	25%	15%	30%
Skuldabréf lánastofnana	5%	0%	15%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	0%	15%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	15%
Veðskuldabréf	12%	5%	30%
Erlend skuldabréf	5%	0%	5%
<b>Hlutabréf</b>	<b>35%</b>	<b>30%</b>	<b>60%</b>
Innlend hlutabréf	5%	0%	15%
Erlend hlutabréf	30%	25%	45%
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>5%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>
Framtakssjóðir	3%	0%	7%
Fasteignasjóðir	2%	0%	5%

## Fjárfestingarstefna Séreignar

	Séreign I		Séreign II			Séreign III	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	
Innlán	15%	0%	60%	25%	0%	70%	100%
Skuldabréf	40%	20%	70%	50%	20%	90%	
Ríkistryggt bréf	20%	10%	60%	30%	20%	70%	
Önnur innlend skuldabréf	15%	0%	30%	15%	0%	40%	
Erlend skuldabréf	5%	0%	10%	5%	0%	10%	
Hlutabréf	40%	25%	60%	20%	0%	30%	
Innlend hlutabréf	5%	0%	15%	5%	0%	15%	
Erlend hlutabréf	35%	25%	45%	15%	0%	30%	
Aðrar fjárfestingar	5%	0%	10%	5%	0%	10%	

Í lok árs 2008 voru gerðar breytingar á fjárfestingarstefnum LSR og LH. Vægi einstakra eignaflokka var breytt sem og vikmörkum. Þá eru innlán nú skilgreind sem sérstakur eignaflokkur. Fjárfestingarstefna A-deildar LSR var auk þess aðgreind frá stefnum B-deildar LSR og LH þar sem greiðsluflæði þessara deilda hefur þróast með ólíkum hætti.

## Sjóðfélagalán

Útlán LSR og LH til sjóðfélaga á árinu 2008 námu 7,9 milljörðum króna samanborið við 8,5 milljarða á árinu 2007 en þess má geta að viðskipti á fasteignamarkaði drógust verulega saman á síðasta ári. Alls lækkuðu útlán um 7,6% milli ára en að meðaltali lánuðu sjóðirnir um 660 milljónir króna á mánuði. Uppgreiðslur námu 2,3 milljörðum króna á árinu 2008 og jukust um tæplega 80% milli ára. Þar af voru uppgreiðslur síðustu 3 mánuði ársins, í kjölfar falls bankanna, tæplega 1,3 milljarðar kr. Nettó útlán ársins námu 5,6 milljörðum króna og drógust saman um 22,8%. Alls voru veitt 1.396 lán á árinu 2008 samanborið við 1.553 lán árið áður sem er 10,1% fækkun útlána milli ára.

Sjóðfélagalán í vanskilum námu samtals 100 millj. kr. í árslok 2008 og hækkuðu um 63,1% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána í vanskilum er hins vegar enn lágt eða 0,18% í stað 0,13% í árslok 2007. Þá voru 143 lán í meira en 3ja mánaða vanskilum í árslok 2008 og fjölgaði þeim um 32 milli ára. Lán sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 57 eða 7 færri en árið áður.

Sjóðirnir hafa ávallt eftir fremsta megni komið til móts við greiðendur sjóðfélagalána með það að markmiði að hjálpa fólki að standa við skuldbindingar sínar og forðast að eignir fari á uppboð. Það hefur m.a. verið gert með því að skuldbreyta lánnum þannig að vanskil leggist við höfuðstól og með því lengja í lánstímanum. Jafnframt hafa sjóðirnir boðið upp á greiðslufrest við ákveðin skilyrði, fjölgun eða fækkun gjalddaga á ári og breytingu á tegund afborgunar.


Í kjölfar fjármálakreppunnar hafa sjóðirnir boðið upp á fleiri greiðsluferfiðleikaúrræði. Annars vegar er um að ræða svokallaða frystingu lána þar sem afborgunum af láni er frestað um tiltekinn tíma og dreift á greiðslutíma láns að frystingartíma loknum. Hins vegar er boðið upp á að afborganir láns fylgi greiðslujöfnunarvísitölu í stað neyslúvísitölu sem gerir það að verkum að greiðslubyrði láns lækkar, a.m.k. til að byrja með. Ásókn í þessi nýju greiðsluferfiðleikaúrræði hefur farið frekar rólega af stað enda eru langflest sjóðfélagalán í góðum skilum. Í apríl 2009 voru 1,8% af lánunum í frystingu og 0,2% lána fylgdu greiðslujöfnunarvísitölu.

### Sjóðfélagalán


(í þús. kr.)

Veitt lán á árinu:	2008	2007	Breyt.
Fjárhæð	7.898.971	8.549.845	-7,6%
Fjöldi lána	1.396	1.553	-10,1%
Meðalfjárhæð	5.658	5.505	2,8%
<b>Lán í árslok:</b>			
Heildarfjárhæð	56.032.655	45.582.545	22,9%
Fjöldi lána	15.199	15.589	-2,5%
Meðalfjárhæð	3.687	2.924	26,1%
<b>Vanskil:</b>			
Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum	143	111	28,8%
Fjöldi lána í uppboðsmeðferð í árslok	22	11	100,0%
Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna	57	64	-10,9%
Fjöldi skuldbreyttra lána	89	22	304,5%
Fjárhæð í vanskilum alls (í þús. kr.)	99.965	61.299	63,1%
Hlutfall af sjóðfélagalánum	0,18%	0,13%	32,7%


Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH




Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Útistandandi lán til sjóðfélaga LSR og LH



Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH





# Séreign LSR

## Iðgjöld og eignir

Iðgjöld á árinu 2008 námu 847,8 milljónum kr. og hækkuðu um 11,9% milli ára, sem má m.a. rekja til hækkunar launa. Heildareignir sjóðfélaga námu 6.558,5 milljónum kr. í árslok 2008 og lækkuðu um 21,8 milljón kr. eða um 0,3% á milli ára. Á árinu 2008 greiddu 3.545 sjóðfélagar iðgjald til Séreignar LSR. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.257 og fækkaði þeim um 1,7% milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2008 var 4.895.

## Fjárfestingarleiðir

Á árinu 2008 voru gerðar nokkrar breytingar á fjárfestingarstefnu Séreignar. Helstu breytingar voru þær að innlánum var bætt við sem eignaflokkur í fjárfestingarstefnu Leiða I og II. Hlutfall innlána í leið I er 15% með vikmörk 0-60% og hlutfall innlána í leið II er 25%

með vikmörk 0-70%. Þá var dregið úr vægi annarra fjárfestinga sem og vægi innlendra hlutabréfa í leið I og vikmörkum í vægi eignaflokka var breytt lítillega.

### Leið I

Í leið I er vægi hlutabréfa 40%, vægi skuldabréfa 40%, vægi innlána 15% og vægi annarra fjárfestinga 5%. Það þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og eru reiðubúnir að taka á sig sveiflur í ávöxtun.

### Leið II

Í leið II er vægi hlutabréfa 20%, vægi skuldabréfa 50%, vægi innlána 25% og vægi annarra fjárfestinga 5%. Sveiflur í ávöxtun í leið II eru minni en í leið I og áhættan því minni. Leið II hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og vilja taka miðlungsáhættu í séreignarsparnaði sínum.

### Leið III

Í leið III er séreignarsparnaður ávaxtaður á verðtryggðum innlánsreikningi. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja taka lágmarksáhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun. Ávöxtun leiðar III er sambærileg við bankareikninga með hæstu verðtryggðu vöxtum og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi. Séreign LSR velur hagstæðustu innlánskjör hverju sinni.

### Sér-leið

Sér-leið er hentugt sparnaðarform þar sem fjárfestingarstefna fylgir aldri sjóðfélaga og viðhorfi hans til áhættu. Sjóðfélagar hafa val um leið I og II framan af en inneign og iðgjöld flytjast svo yfir í leið III við 55 ára aldur og inneign sjóðfélaga er því ávöxtuð á verðtryggðum innlánsreikningi til töku lífeyris. Flutningur á milli leiða á sér stað í jöfnum færslum í 36 mánuði nema sjóðfélagi óski annars.

## Ávöxtun Séreignar LSR 2008 eftir eignaflokkum

	Séreign	
	Leið I	Leið II
<b>Nafnávöxtun</b>		
Innlend skuldabréf	1,1%	4,2%
Erlend skuldabréf	18,6%	23,7%
Innlend hlutabréf	-91,3%	-91,0%
Erlend hlutabréf	-7,2%	-5,7%
Aðrar fjárfestingar	46,7%	70,4%
<b>Raunávöxtun</b>		
Innlend skuldabréf	-13,1%	-10,5%
Erlend skuldabréf	1,9%	6,3%
Innlend hlutabréf	-92,5%	-92,3%
Erlend hlutabréf	-20,2%	-18,9%
Aðrar fjárfestingar	26,1%	46,4%

## Fjárfestingarleiðir Séreignar LSR

	Hlutabréf	Skuldabréf	Aðrar fjárfestingar	Innlán	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	40%	40%	5%	15%	Meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	20%	50%	5%	25%	Litlar sveiflur	54 ára og yngri
Leið III	0%	0%	0%	100%	Lágmarkssveiflur	55 ára og eldri

### Verðbréfaeign


Verðbréfaeign Leiðar I var 3.957,7 milljónir kr. í lok árs 2008. Eign í innlendum skuldabréfum var 1.418,1 milljón kr. eða 35,8% af heildarverðbréfaeign og eign í erlendum skuldabréfum var 55,6 milljónir kr. eða 1,4%. Erlend hlutabréfaeign var 1.335,7 milljónir kr. eða 33,7% af heildarverðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 51,5 milljónir kr. eða 1,3% af eignum. Aðrar fjárfestingar námu 151,3 milljónum eða 3,8% og innlán námu 945,5 milljónum kr. eða 23,9%. Verðbréfaeign Leiðar II var 1.042,0 milljónir kr. í lok árs 2008. Eign í innlendum skuldabréfum var 744,8 milljónir kr. eða 50% af heildarverðbréfaeign og eign í erlendum skuldabréfum var 32,2 milljónir kr. eða 2,2%. Erlend hlutabréfaeign var 229,4 milljónir kr. eða 15,4% af heildarverðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 9,7 milljónir kr. eða

0,7% af eignum. Aðrar fjárfestingar námu 25,9 milljónum eða 2,5% og innlán námu 448,2 milljónum kr. eða 30,1% af verðbréfaeign Leiðar II. Í lok árs námu eignir leiðar III, sem ávaxtaðar eru á verðtryggðum innlánsreikningum, 1.255,4 milljónum kr.

### Ávöxtun ársins 2008

Ávöxtun fjárfestingarleiða Séreignar LSR þróaðist með mismunandi hætti í takt við ólíka fjárfestingarstefnu. Nafnávöxtun Leiðar I var -15,8% sem samsvarar -27,7% hreinni raunávöxtun samanborið við -1,6% hreina raunávöxtun á árinu 2007. Nafnávöxtun Leiðar II var -4,4% sem samsvarar -17,9% hreinni raunávöxtun samanborið við 0,2% raunávöxtun á árinu 2007. Nafnávöxtun Leiðar III var 25,8% sem samsvarar 8,0% hreinni raunávöxtun.

### Verðbréf Séreignar




### Markaðsvirði Séreignar

í millj. kr. Fjárfestingarleiðir	Markaðsvirði 31/12/2008	Hlutfall	Markaðsvirði 31/12/2007	Breyting milli ára
Leið I	3.836	58,5%	4.478	-14,3%
Leið II	1.467	22,4%	1.559	-5,9%
Leið III	1.255	19,1%	543	131,2%
<b>Samtals</b>	<b>6.558</b>	<b>100,0%</b>	<b>6.580</b>	<b>-0,3%</b>

# Iðgjöld

Á árinu 2008 námu iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda LSR og LH 18,2 milljörðum kr. Iðgjaldatekjur jukust um 2,1 milljarð kr. á árinu 2008 eða sem nemur 13,3% milli ára. Þessi hækkun skýrist af fjölgun sjóðfélaga sem greiða til A-deildar LSR og breytingum á launum milli ára. Af iðgjaldagreiðslum ársins fóru 77,5% til A-deildar LSR, en iðgjöld til hennar hækkuðu um 16,3% milli ára. Iðgjöld B-deildar LSR hækkuðu um 2,4% og um 1,8% hjá LH þrátt fyrir fækkun greiðandi sjóðfélaga í þeim sjóðum. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR voru 847,8 milljónir kr. á árinu 2008 og hækkuðu um 11,9% milli ára.

## Skipting iðgjalda 2008



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 31.984 á árinu 2008 og jókst samtals um 1% milli ára. B-deild LSR og LH eru lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum en A-deild LSR tekur við öllum nýjum. Virkir sjóðfélagar hjá A-deild LSR voru 999 fleiri en árið áður og fjölgaði þeim um 4,8% milli ára. Virkum sjóðfélögum B-deildar LSR fækkaði hins vegar um 555 milli ára eða sem nemur 8,4%. Sjóðfélögum LH fækkaði að sama skapi um 8,8% á síðastliðnu ári.

Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald einhvern tímann á árinu 2008 var 38.370 og jókst um 0,7% milli ára. Fjöldi sjóðfélaga sem greiddi í einhverja deild LSR eða til LH á árinu 2008 var 34.353 og því greiddu 4.017 sjóðfélagar til fleiri en eins sjóðs eða einnar deildar. Af 3.545 sjóðfélögum Séreignar LSR greiða 215 eingöngu til sjóðanna vegna séreignarsparnaðar.

## Iðgjöld

(í millj. kr.)	2008	2007	Breyting	Breyting pr. virkan sjóðfélaga
A-deild LSR	14.109,0	12.134,4	16,3%	11,0%
B-deild LSR	2.960,5	2.891,4	2,4%	11,7%
Séreign LSR	847,8	757,6	11,9%	13,8%
Lsj. hjúkrunarfræð.	285,6	280,4	1,8%	11,6%
<b>Samtals</b>	<b>18.203,0</b>	<b>16.063,8</b>	<b>13,3%</b>	

## Sjóðfélagar

	Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga			Greiðandi sjóðfélagar			Með réttindi 31.12.08
	2008	2007	Breyting	2008	2007	Breyting	
A-deild LSR	22.011	21.012	4,8%	27.614	26.532	4,1%	47.009
B-deild LSR	6.088	6.643	-8,4%	6.523	7.120	-8,4%	39.292
Séreign LSR	3.257	3.312	-1,7%	3.545	3.703	-4,3%	4.895
Lsj. hjúkrunarfræðinga	628	689	-8,8%	688	742	-7,3%	3.092
<b>Samtals</b>	<b>31.984</b>	<b>31.656</b>	<b>1,0%</b>	<b>38.370</b>	<b>38.097</b>	<b>0,7%</b>	<b>94.288</b>

Meðalaldur sjóðfélaga er ólíkur milli sjóða og deilda. Í árslok 2008 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til B-deildar LSR 57 ár og voru 59% þeirra konur en 41% karlar. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í A-deild LSR var hins vegar 41 ár og voru 71% þeirra konur og 29% karlar. Meðalaldur hjá Séreign LSR var 54 ár, þar af var meðalaldur 51 ár í Leið I og 59 ár í Leið II. Meðalaldur lækkaði hins vegar um tæp 4 ár í Leið III þar sem öll iðgjöld fóru í þá fjárfestingarleið eftir fall bankanna og var rúmlega 55 ár.


**Viðbótariðgjöld**

Til viðbótar við lögbundin iðgjöld til sjóðanna hafa ýmsir launagreiðendur greitt viðbótariðgjöld sem innborgun upp í skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH. Ríkissjóður hélt áfram að greiða aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH á árinu. Nokkrir launagreiðendur gerðu jafnframt upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR (sjá lið nr. 9 og 23 í skýringum með ársreikningi LSR).


**Greiðandi sjóðfélagar í desember 2008**

	Karlar	Konur	Meðalaldur
A-deild LSR	29%	71%	41
B-deild LSR	41%	59%	57
Séreign LSR	34%	66%	54
Lsj. hjúkrunarfræðinga	2%	98%	56

**Lögbundin iðgjöld**



**Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga**



Á árinu 2008 fengu 14.482 einstaklingar lífeyrisgreiðslur frá LSR og LH, samtals 19,7 milljarða króna. Mestur hluti þessara greiðslna var úr B-deild sjóðsins, eða alls 17,4 milljarðar króna.

# Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur


Samanlagður fjöldi lífeyrisþega í öllum deildum LSR og LH á árinu 2008 var 14.482. Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna nam 19,7 milljörðum kr. en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR rúmlega 88,4% af greiðslum sjóðanna eða 17,4 milljarðar kr. Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 6,3% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 14,5%. Meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 7,7%. Til samanburðar hækkaði sú vísitala sem mælir hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna um 12,6% á árinu 2008 en hækkun vísitölunnar nam rúmlega 8% milli meðaltala áranna 2007 og 2008. Rúmlega 95% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna eru úr B-deild LSR og LH og þróast í takt við dagvinnulaun. Af greiðslum til lífeyrisþega á árinu 2008 fengu 1.143

greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Þá fengu 634 lífeyrisþegar hjá LSR greiðslur úr bæði A- og B-deild. Af lífeyrisþegum hjá LH fengu 123 einnig lífeyrisgreiðslur frá LSR, að frátöldum séreignarlífeyri. Loks fengu 284 sjóðfélagar greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar. Fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru með þeim hætti að fái lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði er hann talinn oftast en einu sinni.


## Lífeyrir

LSR og LH	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.
A-deild LSR	718,5	446,4	61,0%	1.614	1.272	26,9%	445,2	350,9	26,9%
B-deild LSR	17.383,0	15.435,1	12,6%	11.861	11.474	3,4%	1.465,6	1.345,2	8,9%
Séreign LSR	203,1	162,2	25,2%	284	228	24,6%	715,1	711,2	0,5%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	1.365,7	1.129,1	21,0%	723	646	11,9%	1.888,9	1.747,8	8,1%
<b>Samtals</b>	<b>19.670,2</b>	<b>17.172,7</b>	<b>14,5%</b>	<b>14.482</b>	<b>13.620</b>	<b>6,3%</b>	<b>1.358,3</b>	<b>1.260,8</b>	<b>7,7%</b>

## Lífeyrisgreiðslur



## Meðalfjöldi lífeyrisþega




### Eftirmanns- og meðaltalsregla


Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2008 fengu 68,3% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en 44,3% lífeyrisþega hjá LH. Hér á opnunni má sjá breytingar á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH undanfarin 10 ár. Segja má að þeir lífeyrisþegar sem fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu setji ekki öll eggin í sömu körfuna, því lífeyrir þeirra tekur breytingum sem verða að meðaltali á dagvinnulaunum hjá öllum opinberum starfsmönnum, í stað þess að þeir einskorði sig við ákveðinn eftirmann eða kjarasamning.


### Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2008



### Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



### Lífeyrisgreiðslur úr LH í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



### Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris

Samsetning lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris er ólík milli deilda sjóðanna. Skiptingin er meðal annars háð reglum sjóðanna hvað varðar einstakar tegundir lífeyris og því hve lengi sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaganna.


Í heildina eru 75,2% lífeyrisgreiðslna úr sjóðunum vegna ellilífeyris sem er óbreytt hlutfall frá árinu áður. Makalífeyrisgreiðslur eru 17,6% af greiðslunum, örorkulífeyrir 6,7% og barnalífeyrir 0,4%. Á árinu 2008 hækkaði hlutfall örorkulífeyris um 0,7 prósentustig og hlutfall makalífeyris lækkaði að sama skapi. Vaxandi hlutfall örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðunum er áhyggjuefni en LSR og LH hafa eftir eftirlit með lífeyrisgreiðslum vegna örorku, þ.m.t. eftirlit með öðrum tekjum örorkulífeyrisþega.

### A-deild LSR

Á árinu 2008 fengu 1.614 lífeyrisþegar greiðslur úr A-deild LSR, samtals að fjárhæð 718,5 milljónir kr. Sé miðað við iðgjöld til sjóðsins er um lága fjárhæð að ræða enda hefur sjóðurinn starfað í tiltölulega skamman tíma. Við útreikning ellilífeyris er miðað við áunnin réttindi, en við örorku njóta sjóðfélagar framreiknings eins og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Þetta skýrir m.a. hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum. Auk þess eru sjóðfélagar ungir að árum, en meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2008 var tæplega 41 ár. Réttindi þeirra sem fluttu sig úr B-deild LSR og LH yfir í A-deild urðu eftir í þeim sjóðum og eru verðtryggt með vísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins í árslok 2008 var tæplega 62 ár og voru 67% af þeim konur en 33% karlar (án barnalífeyrisþega).

Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 65,5% til greiðslu örorkulífeyris, 22,6% í ellilífeyri, 3,8% í makalífeyri og 8,1% í barnalífeyri. Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 26,9% á árinu 2008, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 61%.

Skipting lífeyrisgreiðslna A-deildar LSR 2008



### A-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.
Ellilífeyrir	162,3	101,2	60,3%	611	472	29,4%	265,6	214,5	23,8%
Örkulífeyrir	470,5	288,7	63,0%	568	446	27,4%	828,4	647,3	28,0%
Makalífeyrir	27,2	17,4	56,9%	78	67	16,4%	349,3	259,3	34,7%
Barnalífeyrir	58,4	39,0	49,6%	357	287	24,4%	163,7	136,0	20,3%
<b>Samtals</b>	<b>718,5</b>	<b>446,4</b>	<b>61,0%</b>	<b>1.614</b>	<b>1.272</b>	<b>26,9%</b>	<b>445,2</b>	<b>350,9</b>	<b>26,9%</b>




### B-deild LSR

Á árinu 2008 fengu 11.861 lífeyrisþegi greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 17,4 milljarðar kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var rúmlega 73 ár í árslok 2008 og voru 62% af þeim konur en 38% karlar (án barnalífeyrisþega). Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 76,3% til greiðslu ellilífeyris, 19,6% í makalífeyri, 4,1% í örorkulífeyri og 0,1% í barnalífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 3,4% á árinu 2008, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 12,6%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna jókst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkingu dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2008 var 1.466 þúsund kr. en var 1.345 þúsund kr. árið áður og hækkaði því um 8,9% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 38,1% í desember 2008. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um rúmlega 19 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var tæplega 132 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 310 þúsund kr. Meðalviðmiðunarlaunin hækkuðu um 12,2% milli ára og meðalréttindaprósenta lífeyrisþega lækkaði um 0,2 prósentustig.

### Skipting lífeyrisgreiðslna B-deildar LSR 2008



### B-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.
Ellilífeyrir	13.261,3	11.670,5	13,6%	8.044	7.614	5,6%	1.648,6	1.532,8	7,6%
Örorkulífeyrir	709,2	632,0	12,2%	1.215	1.272	-4,5%	583,7	496,9	17,5%
Makalífeyrir	3.399,8	3.118,2	9,0%	2.374	2.321	2,3%	1.432,1	1.343,5	6,6%
Barnalífeyrir	12,7	14,4	-11,5%	228	267	-14,6%	55,8	53,9	3,6%
<b>Samtals</b>	<b>17.383,0</b>	<b>15.435,1</b>	<b>12,6%</b>	<b>11.861</b>	<b>11.474</b>	<b>3,4%</b>	<b>1.465,6</b>	<b>1.345,2</b>	<b>8,9%</b>

### Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2008 hjá B-deild LSR

	Meðalréttindi %	Meðalfjárhæð	Meðalviðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent
Ellilífeyrir	41,5%	144.114	312.056	3.470
Örorkulífeyrir	17,7%	47.850	241.354	2.697
Makalífeyrir	35,5%	126.427	333.804	3.565
<b>Meðaltal</b>	<b>38,1%</b>	<b>131.768</b>	<b>310.048</b>	<b>3.419</b>

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2008 án persónuuppbótar.

Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 3.419 kr. eða sem svarar til 342 þúsund kr. meðalviðmiðunarlauna. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar lægri eða 310 þúsund kr. Almennt má því segja að fylgni sé á milli hækkandi réttindaprósentu og hækkandi viðmiðunarlauna. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2008 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema tæplega 239 þúsund kr. á mánuði.

Af þeim 17.383 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 7.012 milljónir kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum sjóðsins endurgreiða launagreiðendur þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum á árinu 2008 var 59,7% en var 59,9% árið áður. Geri launagreiðandi upp skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum fellur innheimta lífeyrishækkana niður. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfall sjóðsins þar sem uppsafnaðar launahækkningar eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Hlutur sjóðsins hækkar hins vegar ef úrskurðaðir lífeyrisþegar eru fleiri en brottfallnir, miðað við óbreytt laun og jöfn réttindi. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 1.025 fleiri en brottfallnir lífeyrisúrskurðir talsvert færri eða 638.

Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald til LSR og LH á árinu 2008 var 38.370 og jókst um 0,7% milli ára.


### Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Á árinu 2008 fengu 723 lífeyrisþegar greiðslur frá LH, samtals að fjárhæð 1.366 milljónir kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var tæplega 71 ár í árslok 2008 og voru 95% af þeim konur en 5% karlar (án barnalífeyrisþega). Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2008 fóru 86,8% til greiðslu ellilífeyris, 10,2% í örorkulífeyri, 2,9% í makalífeyri og 0,2% í barnalífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 11,9% á árinu 2008, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 21%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna jókst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkun dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2008 var 1.889 þús. kr. en var 1.748 þús. kr. árið áður og hækkaði um 8,1% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 48,2% í desember 2008. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um rúmlega 24 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 174 þúsund kr., en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru tæplega 350 þúsund kr. Meðalviðmiðunarlaunin hækkuðu um 14,2% milli ára en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega er óbreytt milli ára.

### Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2008



Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 3.587 kr., eða sem samsvarar tæplega 359 þúsund kr. meðallaunum. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru lægri eða 350 þúsund kr. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2008 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema tæplega 251 þúsund kr. á mánuði.

### Lsj. hjúkrunarfræðinga

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.	2008	2007	Breyt.
Ellilífeyrir	1.185,7	981,1	20,8%	560	492	13,8%	2.117,3	1.994,2	6,2%
Örorkulífeyrir	138,6	114,1	21,5%	108	98	10,2%	1.283,8	1.164,3	10,3%
Makalífeyrir	39,2	31,6	24,0%	31	30	3,3%	1.265,3	1.054,2	20,0%
Barnalífeyrir	2,1	2,2	-4,1%	24	26	-7,7%	87,2	83,9	3,8%
<b>Samtals</b>	<b>1.365,7</b>	<b>1.129,1</b>	<b>21,0%</b>	<b>723</b>	<b>646</b>	<b>11,9%</b>	<b>1.888,9</b>	<b>1.747,8</b>	<b>8,1%</b>

### Meðalífeyrir og meðalréttindi í desember 2008 hjá LH

	Meðalréttindi %	Meðalfjárhæð	Meðalviðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent
Ellilífeyrir	51,8%	190.104	357.589	3.673
Örorkulífeyrir	32,1%	98.547	306.317	3.067
Makalífeyrir	31,8%	112.922	342.216	3.549
<b>Meðaltal</b>	<b>48,2%</b>	<b>174.463</b>	<b>306.694</b>	<b>3.587</b>

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2008 án persónuuppbótar.

Af þeim 1.366 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 611 milljónir kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var 55,3%, en var 53,7% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 106 en brottfallnir lífeyrisúrskurðir tæplega þriðjungur af því eða 29. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkunar sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

#### Séreign LSR

Á árinu 2008 fengu 284 lífeyrisþegar greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar, sem er fjölgun um 56 lífeyrisþega frá fyrra ári. Alls voru greiddar 203,1 milljónir kr. í lífeyri úr Séreign LSR á árinu 2008 samanborið við 162,2 milljónir kr. árið áður. Þar af voru 55,0 milljónir kr. greiddar úr Leið I, 64,8 milljónir úr Leið II og 83,3 milljónir úr Leið III. Að stórum hluta var um eingreiðslu lífeyris að ræða, en þeir sem hafa náð 60 ára aldri geta tekið inneign sína út í einu lagi.

Meðalaldur sjóðfélaga LSR og LH er talsvert ólíkur milli sjóða og deilda.

Á árinu 2008 voru 77% þeirra sem greiddu iðgjöld til sjóðanna í A-deild LSR en meðalaldur þeirra var 41 ár og voru 71% þeirra konur en 29% karlar.

## Breytingar á fjölda lífeyrisþega eftir deildum 2007–2008


Lífeyrisþegar A-deild LSR	Fjöldi 2007	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2008	Breyting
Ellilífeyrir	472	153	14	611	139
Örorkulífeyrir	446	155	33	568	122
Makalífeyrir	67	20	9	78	11
Barnalífeyrir	287	113	43	357	70
<b>Samtals</b>	<b>1.272</b>	<b>441</b>	<b>99</b>	<b>1.614</b>	<b>342</b>

Lífeyrisþegar B-deild LSR	Fjöldi 2007	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2008	Breyting
Ellilífeyrir	7.614	688	258	8.044	430
Örorkulífeyrir	1.272	147	204	1.215	-57
Makalífeyrir	2.321	165	112	2.374	53
Barnalífeyrir	267	25	64	228	-39
<b>Samtals</b>	<b>11.474</b>	<b>1.025</b>	<b>638</b>	<b>11.861</b>	<b>387</b>

Lífeyrisþegar Lsj. hjúkrunarfræðinga	Fjöldi 2007	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2008	Breyting
Ellilífeyrir	492	81	13	560	68
Örorkulífeyrir	98	20	10	108	10
Makalífeyrir	30	3	2	31	1
Barnalífeyrir	26	2	4	24	-2
<b>Samtals</b>	<b>646</b>	<b>106</b>	<b>29</b>	<b>723</b>	<b>77</b>

Lífeyrisþegar LSR + LH samtals	Fjöldi 2007	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2008	Breyting
Ellilífeyrir	8.578	922	285	9.215	637
Örorkulífeyrir	1.816	322	247	1.891	75
Makalífeyrir	2.418	188	123	2.483	65
Barnalífeyrir	580	140	111	609	29
<b>Samtals</b>	<b>13.392</b>	<b>1.572</b>	<b>766</b>	<b>14.198</b>	<b>806</b>

Nýir á lífeyri – brottfall af lífeyri



# Skuldbindingar LSR og LH

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2008. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR og LH er gert ráð fyrir að launahækkunar séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og ávöxtun 2% umfram launahækkunar. Við tryggingafræðilega úttekt á sjóðunum er miðað við sömu lífslíkur og árið áður en þær eru byggðar á reynslu árána 2001 til 2005.

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar B-deildar LSR 495 milljarðar kr. í árslok 2008 en voru 440 milljarðar árið áður, sem er 12,6% hækkun milli ára.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 12,6% á árinu 2008 en byrjað var að mæla hækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna með sérstakri vísitölu í ársbyrjun 1997. Frá þeim tímapunkti hefur árleg hækkun vísitölnnar numið 9,7% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun sjóðsins verið 8,2% að meðaltali. Réttindi hjá B-deild eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum og hafa allar launabreytingar því áhrif á réttindi sjóðfélaga, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri. Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2008 skiptist eftir flokkun launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingu áfallinnar skuldbindingar á árinu 2008.

Skuldbindingar B-deildar LSR voru 177,9 milljarðar kr. í árslok 1998 og hafa því tæplega þrefaldast á undanförunum 10 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til almennra launahækkana, kerfisbreytingar á launum opinberra starfsmanna sem og auknum lífslíkum. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 137,1% frá árslokum 1998 til ársloka 2008. Eignir B-deildar hafa hins vegar tæplega fimmfaldast á sama tímabili og stafar það m.a. af ávöxtun og uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga. Á súluriti hér á næstu síðu má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1998. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins, en í árslok 2008 námu

uppfærðar innborganir ríkissjóðs 64,7% af eignum sjóðsins. Hlutfall eigna B-deildar LSR var 36,4% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2008 og lækkaði um 11,3 prósentustig frá árinu áður. Ávöxtun eigna sjóðsins var neikvæð um 14% á árinu 2008 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 12,6%. Áhrif þessa eru þau að eignauppbýgging sjóðsins á móti skuldbindingum færir aftur um rúmlega 5 ár. Þá dró jafnframt verulega úr nettó innstreymi í sjóðinn milli ára, vegna minnkandi uppgreiðslna á skuldbindingum og aukinna lífeyrisgreiðslna, sem skýrir jafnframt versnandi tryggingafræðilega stöðu.

Áfallin skuldbinding í árslok 2008, B-deild LSR	Fjárhæð í millj. kr.
A-hluti ríkissjóðs	364.792
B-hluti ríkissjóðs	510
Annað vegna ríkissjóðs	65
Sparisjóðir	2.644
Stéttarfélög	1.208
Sveitarfélög	22.513
Ýmsir með bakabyrgð sveitafélaga	4.944
Samrekstur ríkis og sveitafélaga	5.053
Ýmsir aðrir aðilar	18.760
Uppgerðar skuldbindingar	74.548
<b>Samtals</b>	<b>495.037</b>

Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2007	439.801
Vextir 2%	8.796
Nýjar skuldbindingar	5.710
Launahækkunar	58.115
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(17.385)
<b>Skuldbinding í árslok 2008</b>	<b>495.037</b>


### Skuldbindingar launagreiðenda við B-deild LSR vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um B-deild LSR er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 210,4 milljarðar kr. í árslok 2008 eða um 42,5% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 191 milljarður kr. í árslok 2007 og hækkuðu því um 10,1% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi B-deildar LSR er getið um kröfur sjóðsins á launagreiðendur sem eignir utan efnahagsreiknings.

### Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR 172,9 milljarðar kr. í árslok 2008 samanborið við 203 milljarða árið á undan. Lækkun eigna nemur 30,1 milljarði kr. milli ára eða 14,8%. Til viðbótar eignum á sjóðurinn áður nefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 210,4 milljarðar kr. Samtals eru þessar eignir 383,3 milljarðar kr. Endurmet þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 6,8 milljörðum að teknu tilliti til núvirts fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 390,1 milljarðar kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 78,8% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 32. gr. laga um sjóðinn ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr B-deild LSR.

### Núvirtar eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum í árslok 2008 metin á 105 milljarða kr. eða 21,2% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Eins og áður hefur komið fram versnaði staða sjóðsins mikið milli ára en í árslok 2007 var bakábyrgð ríkissjóðs metin 39,2 milljarðar kr. eða um 9,1% af áfallinni skuldbindingu. Taflan hér fyrir neðan sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2008. Undanfarin 10 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2008 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 111,9 milljörðum kr. Bakábyrgð ríkissjóðs hefði verið 216,9 milljarðar í árslok 2008 ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum B-deildar LSR í árslok 2008	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	172.873	34,9%	34,9%
Endurmet á verðbréfaeign	6.809	1,4%	36,3%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997)	210.391	42,5%	78,8%
Krafa á ríkissjóð v/ bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997)	104.965	21,2%	100,0%
<b>Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>	<b>495.037</b>	<b>100,0%</b>	

### Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild LSR. Sjóðurinn verður að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum án krafna á launagreiðendur. Innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er haldið til hliðar við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar. Viðbótariðgjald þeirra launagreiðenda, sem ekki hafa gert upp skuldbindingar sínar, er á sama hátt dregið frá eignum. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 495 milljarðar kr. hafa 74,5 milljarðar verið endanlega gerðir upp við sjóðinn. Óuppgerð áfallin skuldbinding var í árslok 420,5 milljarðar kr. og eignir sjóðsins vegna óuppgerðra skuldbindinga í fyrsta sinn neikvæðar, um sem nemur 12,3 milljörðum kr.

Vegna erfiðleika á fjármálamörkuðum og hækkunar skuldbindinga á síðasta ári hefur gengið fyrr á eignir sjóðsins til að mæta óuppgerðum skuldbindingum en áætlað var og eru þær nú uppnar. Þær eignir sem eftir standa eru til komnar vegna aukagreiðslna sem ríkissjóður hefur greitt inn til sjóðanna og vegna uppgjöra á skuldbindingum. Ljóst er að ef hvorugt hefði komið til væri sjóðurinn nú tómur og allar greiðslur úr honum þyrftu að koma beint úr ríkissjóði. Í núverandi efnahagsárferði hefði það verið mjög erfitt. Það

var því heillavænlegt skref að ríkissjóður skyldi fyrir 10 árum hafa tekið þá ákvörðun að greiða aukalega til sjóðsins og dreifa þar með greiðslum sínum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.

Ljóst er vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og þess hvernig réttindakerfi sjóðsins er byggt upp að eignir til að mæta óuppgerðum skuldbindingum hefðu klárast á endanum. Ástæðan er m.a. sú að lífeyrisgreiðslur hafa verið margfalt hærrí en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur inn í sjóðinn og hefur stærstur hluti af eignamyndun hvers árs verið til kominn vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Jafnframt hefur hækkun skuldbindinga að meðaltali verið meiri en sem nemur ávöxtun á eignum sjóðsins. Þá eru réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér mun meiri en sjóðurinn getur staðið undir með 12% iðgjaldi. Þar sem eignum vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs skuldbindinga er haldið til hliðar við útgreiðslur úr sjóðnum hefur gengið jafnt og þétt á þær eignir sem eftir stóðu til að mæta óuppgerðum skuldbindingum.

Listi yfir launagreiðendur sem gert hafa upp áfallna skuldbindingu gagnvart B-deild LSR er í skýringarlið nr. 23. Eignir sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar (í millj. kr.)	Fjárhæð 2008	Fjárhæð 2007		
Áfallin skuldbinding samtals	495.037	439.801		
Uppgerð áfallin skuldbinding	(67.461)	(67.461)		
<b>Óuppgerð áfallin skuldbinding</b>	<b>420.489</b>	<b>372.340</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	172.873	203.013		
Endurmat verðbréfa	6.809	6.596		
<b>Samtals endurmetin eign</b>	<b>179.683</b>	<b>209.610</b>		
Aukagreiðslur ríkissjóðs	111.918	124.601		
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	1.066	1.065		
Hlutdeild aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	4.450	4.083		
<b>Samtals vegna aukagreiðslna</b>	<b>117.434</b>	<b>129.749</b>		
Bókfærð eign ásamt endurmati	179.682	209.610		
Eign vegna uppperðra skuldbindinga	(74.548)	(67.461)		
Eign vegna aukagreiðslna	(117.434)	(129.749)		
<b>Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga</b>	<b>(12.300)</b>	<b>12.400</b>	<b>-2,9%</b>	<b>3,3%</b>



### Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2008 var 116,7 milljarðar kr. og hækkaði um 40,3% milli ára. Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2008 nam 107,4 milljörðum kr. og hækkaði hún um 0,2% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 4,1 milljarði að teknu tilliti til núvirtis fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins í árslok 2008 eru því 111,6 milljarðar kr. Eignir sjóðsins í árslok 2008 voru samkvæmt þessu 5,1 milljarði lægri en áfallin skuldbinding hans eða 4,4%, en staðan var jákvæð um 32,9% árið áður. Staða A-deildar versnar því umtalsvert milli ára. Það má rekja til áhrifa fjármálakreppunnar á ávöxtun sjóðsins og áhrifa mikillar verðbólgu á skuldbindingar en réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs.

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 47 milljarða kr. eða 13,1% lægri en heildarskuldbinding hans.

Framlag launagreiðenda er nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósenta launagreiðenda er endurskoðuð árlega. Í lögum um lífeyrissjóði hefur verið miðað við að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana ef munur á milli eignaliða og

lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10%. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem gildir vegna uppgjörs fyrir árið 2008 má þessi munur vera allt að 15%. Heildarstaða A-deildar er neikvæð um sem nemur 13,1% og kemur því ekki sjálfkrafa til breytinga á iðgjaldaprósentu. Stjórn sjóðsins mun hins vegar taka til skoðunar hvaða áhrif neikvæð tryggingafræðileg staða hefur á framtíðarþróun sjóðsins.

### Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar LH 56,9 milljarðar kr. í árslok 2008, en voru 49,8 milljarðar árið áður, sem er 14,3% hækkun milli ára. Til samanburðar hækkaði vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna um 12,6% á árinu 2008. Frá ársbyrjun 1997, þegar mæling vísitölunnar hófst, hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 9,7% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun sjóðsins verið 8% að meðaltali.


Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má almennt rekja til launahækkana, kerfisbreytingar á launum, réttindaávinnslu sem og breytinga á lífs- og örorkulíkum. Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR, miðast hins vegar við meðaltalshækkun dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna.

Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR (í millj. kr.)	Fjárhæð 2008	Fjárhæð 2007		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	107.425	107.248		
Viðbót vegna endurmats	4.147	3.329		
<b>Samtals eign</b>	<b>111.572</b>	<b>110.577</b>		
Áfallin lífeyrisskuldbinding	116.674	83.182		
<b>Áfallin staða</b>	<b>(5.102)</b>	<b>27.394</b>	<b>-4,4%</b>	<b>32,9%</b>
Hrein eign ásamt endurmati	111.572	110.577		
Framtíðariðgjöld	200.669	166.325		
<b>Samtals framtíðareign</b>	<b>312.241</b>	<b>276.902</b>		
Heildarskuldbinding	359.196	283.730		
<b>Heildarstaða</b>	<b>(46.954)</b>	<b>(6.827)</b>	<b>-13,1%</b>	<b>-0,6%</b>

Hér að neðan má sjá töflu sem sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2008 skiptist eftir flokkun launagreiðenda og töflu yfir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2008.

Skuldbindingar LH voru 20 milljarðar kr. í árslok 1998 og hafa tæplega þrefaldast á undanförunum 10 árum. Eignir sjóðsins hafa hins vegar rúmlega fjórfaldast á sama tímabili og stafar það m.a. af innborgunum vegna skuldbindinga og ávöxtun. Hér til hliðar má sjá hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1999. Jafnframt sýnir súluritíð hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins, en í árslok 2008 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 56,5% af eignum sjóðsins. Hlutfall eigna LH var 35,4% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2008 og lækkaði um 12,2 prósentustig frá árinu áður. Ávöxtun eigna sjóðsins var neikvæð um 14,6% á árinu 2008 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 14,3%. Áhrif þessa eru að eignauppbygging sjóðsins á móti skuldbindingum færir aftur um rúmlega 7 ár. Þá hefur jafnt og þétt dregið úr nettó innstreymi í sjóðinn vegna fækkunar greiðandi sjóðfélaga og aukinna lífeyrisgreiðslna, sem skýrir jafnframt versnandi tryggingafræðilega stöðu.

Núvirtar eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Áfallin skuldbinding í árslok 2008, LH	Fjárhæð í millj. kr.
A-hluti ríkissjóðs	50.492
Stéttarfélag	92
Sveitarfélag	945
Samrekstur ríkis og sveitarfélaga	8
Ýmsir aðrir aðilar	5.363
Uppgerðar skuldbindingar	508
<b>Samtals</b>	<b>56.950</b>

Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2007	49.823
Vextir 2%	996
Nýjar skuldbindingar	608
Launahækkningar og annað	6.889
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(1.366)
<b>Skuldbinding í árslok 2008</b>	<b>56.950</b>

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum LH í árslok 2008	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	19.626	34,5%	34,5%
Endurmat á verðbréfaeign	562	1,0%	35,4%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997)	28.475	50,0%	85,4%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997)	8.286	14,6%	100,0%
<b>Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>	<b>56.950</b>	<b>100,0%</b>	

### Skuldbindingar launagreiðenda við LH vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um LH er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 28,5 milljarðar kr. í árslok 2008 eða um 50% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 25,3 milljarðar kr. í árslok 2007 og hækkuðu því um 12,5% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi LH er getið um kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana sem eignir utan efnahagsreiknings.

### Eignir LH upp í úppgærðar skuldbindingar

Til að finna út eignir sjóðsins upp í úppgærðar skuldbindingar þarf að draga frá eignir sem endurspeglar verðmæti þeirra réttinda sem hafa verið gerð upp gagnvart sjóðnum, alls að fjárhæð 50 milljónir kr. Innborgunum

ríkissjóðs og annarra launagreiðenda inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er að sama skapi haldið til hliðar við útreikninginn en alls er uppre knað verðmæti þessara innborgana 12 milljarðar kr. með hlutdeild í endurmati. Eign sjóðsins til að mæta úppgærðum skuldbindingum er því 8,2 milljarðar kr. skv. þessum útreikningi eða um 14,3% af skuldbindingunni. Vegna erfiðleika á fjármálamörkuðum og hækkunar skuldbindinga var þróunin mjög óhagstæð á síðasta ári en hlutfallið var 20,4% í árslok 2007.

Til að mæta útgreiðslum úr sjóðnum er fyrst gengið á aðrar eignir en þær sem eru til komnar vegna innborgana inn á skuldbindingar eða uppgreiðslna á skuldbindingum. Það er því ljóst að eignir sjóðsins til að mæta úppgærðum skuldbindingum munu klárast á endanum. Ástæðan er m.a. sú að lífeyrisgreiðslur hafa verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldgreiðslur inn í sjóðinn og hefur stærstur hluti af eignamyndun hvers árs verið til kominn vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjör á skuldbindingum. Jafnframt hefur hækkun skuldbindinga að meðaltali verið meiri en sem nemur ávöxtun á eignum sjóðsins. Þá eru réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér mun meiri en sjóðurinn getur staðið undir með 12% iðgjaldi.

Eignir sjóðsins upp í úppgærðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

Eignir LH upp í úppgærðar skuldbindingar (í millj. kr.)	Fjárhæð 2008	Fjárhæð 2007		
Áfallin skuldbinding samtals	56.950	49.823		
Uppgærð áfallin skuldbinding	(50)	(41)		
<b>Úppgærð áfallin skuldbinding</b>	<b>56.900</b>	<b>49.781</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	19.626	23.132		
Endurmat verðbréfa	562	614		
<b>Samtals endurmetin eign</b>	<b>20.188</b>	<b>23.747</b>		
Aukagreiðslur ríkissjóðs	11.096	12.647		
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	545	543		
Hlutdeild aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	334	350		
<b>Samtals vegna aukagreiðslna</b>	<b>11.976</b>	<b>13.540</b>		
Bókfærð eign ásamt endurmati	20.188	23.747		
Eign vegna uppgærðra skuldbindinga	(50)	(41)		
Eign vegna aukagreiðslna	(11.976)	(13.540)		
<b>Eign vegna úppgærðra skuldbindinga</b>	<b>8.163</b>	<b>10.165</b>	<b>14,3%</b>	<b>20,4%</b>

# Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til B-deildar LSR og LH umfram lagaskyldu og var framhald á þeim greiðslum á árinu 2008. Hins vegar eru áframhaldandi greiðslur háðar stöðu ríkissjóðs hverju sinni og voru aukagreiðslurnar skornar niður fyrir árið 2009 vegna efnahagsástandins. Viðbótariðgjöld verða þó greidd áfram til sjóðanna.

Innborganir ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu sjóðanna verulega og gera þeim kleift að mæta skuldbindingum vegna sjóðfélaga sinna með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið. Markmið ríkissjóðs með þessu er að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina til lengri tíma.


Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna. Innborganir ríkissjóðs mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjors á þeim. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs.

Í töflu hér að neðan má sjá innborganir ríkissjóðs á árunum 2008 og 2007 inn á skuldbindingar sínar við sjóðina ásamt uppfærslu fjárhæðarinnar í árslok.

Á árinu 2008 námu innborganir ríkissjóðs 5,4 milljörðum kr. en þær voru 5,8 milljarðar árið áður. Frá árinu 1999 hefur ríkissjóður samtals greitt 82,8 milljarða kr. inn á skuldbindingar sínar við sjóðina. Í árslok 2008 nam þessi fjárhæð, uppfærð með verðbótum og hreinni raunávöxtun sjóðanna, samtals 123 milljörðum kr. Þar af námu uppsafnaðir vextir og verðbætur 40,2 milljörðum kr.

Stjórnir LSR og LH hafa látið tryggingafræðing sjóðanna gera úttekt á fjárhagsstöðu og framtíðarsjóðstreymi þeirra. Við ákvörðun um aukagreiðslur ríkissjóðs til sjóðanna hafa niðurstöður þessara athugana verið hafðar til hliðsjónar og hefur framtíðarsjóðstreymið verið endurmetið í kjölfar aukinna greiðslna frá ríkissjóði. Miðað við úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2008 var niðurstaðan sú að tekist hafði að fresta því að úppgærður hluti B-deildar LSR kæmist í þrot til ársins 2021 og LH til ársins 2026. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð. Erfiðleikar á fjármálamörkuðum á síðasta ári gera það að verkum að sá tímunktur þegar sjóðirnir munu tæmast hefur færst nær í tíma. Því er enn mikilvægara en áður að ríkissjóður haldi áfram að leggja fjármuni til hliðar og forðist þannig að sjóðirnir tæmist með þeim afleiðingum að greiðslur úr þeim falli af fullum þunga á ríkissjóð.

## Innborganir ríkissjóðs Uppsafnaðar innborganir og ávöxtun



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar (í millj. kr.)


	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfræðinga		LSR og LH samtals	
	2008	2007	2008	2007	2008	2007
Inneign í ársbyrjun	124.600,6	113.796,4	12.647,0	11.983,2	137.247,6	125.779,6
Aukaframlög ríkissjóðs	3.800,0	4.267,8	200,0	200,0	4.000,0	4.467,8
Viðbótariðgjöld (A-hluti ríkissjóðs)	917,2	860,6	133,0	125,8	1.050,2	986,4
Viðbót v/grunnskólakennara	390,0	372,7	0,0	0,0	390,0	372,7
Uppfærsla v/vaxta og verðbóta	-17.790,0	5.303,1	-1.883,6	338,1	-19.673,6	5.641,2
<b>Samtals inneign í árslok</b>	<b>111.917,8</b>	<b>124.600,6</b>	<b>11.096,4</b>	<b>12.647,0</b>	<b>123.014,3</b>	<b>137.247,6</b>

Ef ekki hefðu komið til neinar aukagreiðslur frá ríkissjóði hefði úppgerður hluti B-deildar LSR verið neikvæður um 12,3 milljarða kr. í árslok 2008 og ljóst að öll sú fjárhæð hefði annaðhvort þurft að koma úr ríkissjóði á því ári eða það hefði þurft að ganga á eignir sjóðsins sem eiga að standa undir uppgerðum réttindum. Að sama skapi hefði LH tæmst á árinu 2018 ef ekki hefðu komið til neinar aukagreiðslur frá ríkissjóði. Með tilliti til núverandi efnahagsárferðis sýnir það sig hversu heillavænlegt skref það var að ríkissjóður skyldi


fyrir 10 árum síðan hafa tekið þá ákvörðun að greiða aukalega til sjóðsins og dreifa þar með greiðslum sínum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.

Í árslok 2008 nam hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris 172,9 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 111,9 milljarðar eða 64,7%. Hrein eign LH í árslok 2008 nam hins vegar 19,6 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 11,1 milljarður eða 56,5%.


### Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hjá LSR og LH




### Innborganir ríkissjóðs – inneign í árslok




### B-deild LSR – bakábyrgð ríkissjóðs




### B-deild LSR – hrein eign til greiðslu lífeyris



**LH – hrein eign til greiðslu lífeyris**



**LH – bakábyrgð ríkissjóðs**



Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2008 var ógreidd bakábyrgð ríkissjóðs í sjóðunum metin 105 milljarðar kr. hjá B-deild LSR en 8,3 milljarðar hjá LH. Ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði hefði bakábyrgð hans í árslok 2008 verið 216,9 milljarðar vegna B-deildar LSR og 19,4 milljarðar vegna LH. Framangreind bakábyrgð er vegna áfallinna lífeyrisskuldbindinga og tekur því ekki tillit til bakábyrgðar sem á eftir að myndast vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðanna í framtíðinni.

Varðandi nánari umfjöllun um bakábyrgð ríkissjóðs og skuldbindingar sjóðanna vísast til umfjöllunar um tryggingafræðilega úttekt framfar í skýrslunni og í skýringum með ársreikningum sjóðanna.

**Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda**

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 12% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtímaskuldbindingu einstakra stofnana gagnvart sjóðunum. Flestar þær stofnanir sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til frádráttar við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld launagreiðenda utan A-hluta ríkissjóðs voru sem segir í töflunni hér að neðan.

Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda (í millj. kr.)

	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfræðinga		Samtals	
	2008	2007	2008	2007	2008	2007
Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári	1.174,1	1.064,2	603,9	551,7	1.778,0	1.615,9
Viðbótariðgjöld ársins	196,8	167,2	30,4	28,5	227,2	195,7
Ráðstafað v/uppgjörs skuldbindinga	(139,7)	(112,5)	(0,2)	(0,1)	(139,9)	(112,6)
Uppfærsla v/vaxta og verðbóta	(165,1)	49,8	(89,0)	23,7	(245,1)	78,9
<b>Inneign launagreiðenda í árslok</b>	<b>1.066,1</b>	<b>1.174,1</b>	<b>545,1</b>	<b>603,9</b>	<b>1.611,2</b>	<b>1.777,9</b>

## Starfsemi LSR og LH

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 eru sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH. Stöðugildi hjá sjóðunum voru

39,8 á árinu 2008 sem er fjölgun um 1,4 stöðugildi frá árinu áður.



Fremri röð frá vinstri:  
Þóra Bryndís Árnadóttir  
Regína Vilhjálmadóttir  
Anna Sk. Gunnarsdóttir  
Ingibjörg Thorarensen  
Íris Guðmundsdóttir  
Þorbjörg Guðnadóttir  
Lára Kristín Traustadóttir  
Hulda Jakobsdóttir  
Anna Sigríður Arnadóttir  
Harpa Dögg Kristinsdóttir  
Esther Sigurðardóttir  
Þórunn Magnúsdóttir

Guðný Jónsdóttir  
Ólöf Sigurjónsdóttir  
Þórey S. Þórðardóttir


Aftari röð frá vinstri:  
Þorbjörg Sigurðardóttir  
Þórunn Bermdsen  
Stefán Árni Auðólfsson  
Baldur Þór Vilhjálmsson  
Páll Ólafsson  
Halla Kristjánsdóttir  
Leifur Magnússon  
